

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila, með síðari breytingum.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Starfsemi telst vera rekin í samkeppni við atvinnufyrirtæki skv. reglugerð þessari þegar viðkomandi vara eða þjónusta er almennt í boði hjá atvinnufyrirtækjum hér á landi, enda sé útskattur af hinni skattskyldu starfsemi að jafnaði hærri en frádráttarbær innskattur.

Lögbundin starfsemi opinberra aðila telst m.a. ekki vera rekin í samkeppni við atvinnufyrirtæki í skilningi 1. mgr. í eftirfarandi tilfellum:

1. Þegar öðrum aðilum er ekki heimilt að veita sambærilega þjónustu með sömu réttaráhrifum.
2. Þegar viðkomandi þjónusta beinist eingöngu að öðrum opinberum aðilum, hún verður ekki veitt af atvinnufyrirtækjum nema í umboði viðkomandi opinbers aðila og að því tilskyldu að virðisaukaskattur af viðkomandi vinnu og þjónustu fái endurgreiddur samkvæmt 12. gr.

2. gr.

Í stað reglugerðarnúmersins „501/1989“ í 11. gr. kemur: 50/1993.

3. gr.

Við 5. tölul. 12. gr. reglugerðarinnar bætast orðin: og lokið hafa háskólanámi eða sambærilegu langskólanámi eða starfa sannanlega á sviði fyrrgreindra aðila og veita sambærilega þjónustu.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 2. mgr. 3. gr., 3. mgr. 42. gr. og 1. mgr. 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi nú þegar.

*Fjármálaráðuneytið, 20. nóvember 1995.*

F. h. r.

**Guðrún Ásta Sigurðardóttir.**

*Hermann Jónasson.*

## GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Borgarnesi.

1. gr.

Skráningargjald, sbr. staflíð c í 2. gr. samþykktar um hundahald í Borgarnesi nr. 577/1995, skal vera kr. 2.500 og greiðist við skráningu hundsins.

2. gr.

Árgjald fyrir að halda hund, sbr. staflíð c í 2. gr. samþykktar um hundahald í Borgarnesi, skal vera kr. 5.000 fyrir allt árið eða hluta úr ári. Gjald dagi er 1. mars og eindagi 1. júlí. Árgjald greiðist ekki það ár sem hundurinn er skráður. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

## 3. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 6. gr. samþykktarinnar skal vera kr. 5.000, auk þess sem greiða skal kr. 500 í gjald fyrir hvern dag sem hundurinn er í haldi.

## 4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Borgarbyggðar staðfestist hér með samkvæmt 22. grein laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Gjalddagi vegna gjalda fyrir árið 1995 skal vera 15. desember 1995.

*Umhverfisráðuneytið, 22. nóvember 1995.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

**SAMÞYKKT**

**um breytingu á samþykkt um stjórn Bolungarvíkurkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 583/1993, sbr. samþykkt nr. 118/1995.**

## 1. gr.

1. málslíður 2. mgr. 12. gr. orðast svo:

Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00.

## 2. gr.

1. mgr. 49. gr. orðast svo:

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs. Varafulltrúar sem kosningu hafa hlotið af sama lista og hinn kjörni bæjarráðsmaður eru varamenn hans í þeirri röð, sem þeir skipuðu listann.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 23. nóvember 1995.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Sesselja Árnadóttir.*